

1. fundur nefndar sem skipuð var 2. maí 2018. 29.10. 2018

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Þorvarður Árnason, Eva Björk Harðardóttir,
Sæmundur Helgason og Hjalti Þór Vignisson.
Einnig : Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari, Hrafnhildur Magnúsdóttir fulltrúi
foreldra og Lind Völundardóttir fulltrúi kennara.

Hjalti ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ

1. STARFSHÆTTIR NEFNDARINNAR

a. Kosning formans

Lagt til að Þorvarður Árnason verði kosinn formaður. Þorvarður tilbúinn að taka embættið að sér ef skipt verði reglulega um formann á skipunartímanum.

Þorvarður kosinn formaður.

b. Framtíðar fundartímar

Tillaga um að hafa fundi frá 15.00 til 17.00 á miðvikudögum; 2.,3. eða 4. viðkomandi mánaðar. Stefnt að hafa 2-4 fundi á ári.

c. Hlutverk og verkefni

Fyrir lá hlekkur á lög um framhaldsskóla <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

5. gr í lögnum fjallar um hlutverk skólanefndar. Rætt um að helsta hlutverk er samráð og tenging út í samfélagið.

2. STARFSEMI FAS

a. Opinber fjármál

Fyrir fundinum lá stefnuskjal í tengslum við lög um opinber fjármál.

Eyjólfur fór yfir skjal sem starfsmenn FAS hafa unnið í tengslum við úthlutun fjárveitinga til skólans. Skjalið er stefnuyfirlýsing um hvernig nýta eigi þá fjármuni.

b. Nýheimar, Vöruhúsið og Fjarmentaskólinn

Fyrir fundinum láu hlekkir er tengjast ofangreindum stofnunum,

<https://nyheimar.is/>; <http://www.hornafjordur.is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundir/voruhusid/>; <https://www.fjarmentaskolinn.is/>

Eyjólfur greindi frá samstarfi við þessar stofnanir sem er mikilvægt til að tryggja fjölbreytt skólustarf.

c. Námsframboð

Fyrir fundinum lá hlekkur er lýsir brautum, sviðum og tómsundanámi, sjá <https://www.fas.is/>

Til kynningar.

d. Starfsmenn

Eyjólfur greindi frá fjölda starfsmanna og hvernig verkaskipting er í grófum dráttum innan starfsliðsins.

Sagði að afgangur af rekstri skólans hafi skapað forsendur til efla fjallamennskunámið og lista- og menningarnámið.

e. Próunar- og uppbyggingarverkefni svo sem lista- og menningarsvið, list- og verknámsaðstaða, foreldrasamstarf, erlent samstarf, samningur um heimavist, veitingasala Nýheima og Advent

Fyrir fundinum lágu skjöl sem lýsa hugmynd að uppbyggingu list- og verknámsstöðu. Einnig samningur um heimavist.

Til kynningar.

3. REKSTUR

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2017.

Ársreikningur sýnir rekstur í góðu jafnvægi og sterka peningalega stöðu.

4. SJÁLFSMAT

Fyrir fundinum lá skýrsla um sjálfsmat.

Til kynningar.

5. ÖNNUR MÁL

Fundi slitið kl. 20.00